



Fréttatilkynning
13 June 2025 17:45:00 GMT

Í kjölfar ákvörðunar stjórnar Kviku

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka er birt var 28.maí sl., þar sem Íslandsbanki óskaði eftir samrunaviðræðum við Kviku banka hf.

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka er birt var 28.maí sl., þar sem Íslandsbanki óskaði eftir samrunaviðræðum við Kviku banka hf. (Kvika). Stjórn Kviku hefur nú hafnað samrunaviðræðum við Íslandsbanka á þeim grundvelli að upplegg Íslandsbanka endurspegli ekki undirliggjandi virði Kviku að mati stjórnar Kviku.

Íslandsbanki hefur gefið út að bankinn hafi til skoðunar ytri vöxt og hafi verið með ýmsa möguleika til skoðunar til að nýta umfram eigið fé í bankanum. Þá er Íslandsbanki þeirrar skoðunar að frekari samþætting á fjármálamarkaði muni leiða til mikillar virðisaukningar fyrir hluthafa bankans, viðskiptavini og hagkerfið allt.

Bankinn mun taka afstöðu stjórnar Kviku til nánari skoðunar, meðal annars í samhengi við önnur tækifæri bankans til sóknar og hagsmuni hluthafa Íslandsbanka þar að lútandi.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Í kjölfar ákvörðunar stjórnar Kviku](#)